

Aðalfundur Foreldrafélags Flataskóla 2021

Haldinn miðvikudaginn 29. september 2021 með rafrænum hætti.

Mættir til fundar 19 foreldrar auk skólastjóra

Gengið var til dagskrár skv. lögum félagsins.

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.** Ylfa, starfandi formaður félagsins, stakk upp á að hún myndi stýra fundi - samþykkt. Óskað eftir fundarritara, Ágúst skólastjóri tók það að sér.
2. **Skýrsla stjórnar.** Kynnt skýrsla stjórnar. Um óvenjulegan tíma hefur verið að ræða vegna heimsfaraldurs, miklar takmarkanir í gangi síðustu misserin og því afar lítið hægt að gera hvað varðar foreldrastarf. Stjórnin fundaði reglulega og ýmislegt var skipulagt en fátt komst til framkvæmda vegna samkomutakmarkana. Það helsta var að Bjarni Fritzson var fenginn til að halda fræðslufyrirlestur fyrir foreldra. Búið er að skipuleggja foreldrarölt og komin handbók um foreldraröltið.
3. **Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Laufey kynnti niðurstöðu reikninga félagsins. Eignir félagsins núna eru kr. 1.434.465. Gera þarf ráð fyrir að hægt sé að borga skíðaferð í vetur og annað tilfallandi s.s. vorhátíð og þá er fyrirséð að hægt sé að gefa í Djúpið 300 þúsund. Fram kom fyrirspurn um hvað skíðaferð kosti - svar u.þ.b. 400 þús. Ákvörðun um fjárframlög til djúpsins vísað til stjórnar. Reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.
4. **Kosning fulltrúa í foreldrafélagið.** Ylfa býðst til að sinna formennsku áfram en er líka tilbúin til að víkja ef einhver áhugasamur vill taka við. Hún fékk eindregna hvatningu til að halda áfram. Fyrir fundinn höfðu borist nokkur framboð til stjórnar og á fundinum bættist við. Stjórn Foreldrafélagsins þannig skipuð:
 - 4-5 ára deild
 - Aðalmaður Vilborg Anna Garðarsdóttir
 - Varamaður Karólína Stefánsdóttir
 - 1. bekkur
 - Aðalmaður Hrefna Marín Sigurðardóttir
 - Varamaður Lárus Magnússon
 - 2. bekkur
 - Aðalmaður: Fríður Guðmundsdóttir
 - Varamaður: Hólmfríður Bjarnadóttir
 - 3. bekkur
 - Aðalmaður: Guðrún Yrsa Richter
 - Varamaður Hrefna Marín Sigurðardóttir
 - 4. bekkur
 - Aðalmaður Unnur Tómasdóttir
 - Varamaður: Erla Pétursdóttir
 - 5. bekkur
 - Aðalmaður: Edda Björk Pétursdóttir
 - Varamaður: Berglind Ósk Einarsdóttir
 - 6. bekkur
 - Aðalmaður: Laufey Einarsdóttir - gjaldkeri
 - Varamaður Lárus Magnússon
 - 7. bekkur

- Aðalmaður: Ylfa Guðný Sigurðardóttir - formaður
- Varamaður Þórunn Ása Þórisdóttir

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Benedikt Hans Rúnarsson og Lárus Magnússon kjörnir.

6. Skýrsla fulltrúa í skólaráði

Karólína fór í grófum dráttum yfir störf skólaráðs á árinu. Nokkrar umræður um starfsemi og hlutverk skólaráðs en skólastjóri vill gjarnan hafa ráðið sem virkast til umsagna og ráðgjafar.

7. Kosning fulltrúa í skólaráð

Guðrún Yrsa Richter og Hrefna Marín Sigurðardóttir kjörnar. Vilborg Anna Garðarsdóttir tilnefnd sem fulltrúi foreldra í leikskóladeild.

8. Grunnstoð

Erla sagði frá starfi Grunnstoðar. Hún bauð sig fram til áframhaldandi setu þar og það gerði líka Unnur Tómasdóttir - þær kjörnar.

9. Önnur mál

Skólastjóri kynnti breytingar á námsmati sem eiga sér stað í skólanum í vetur. Nokkrar umræður um málið. Sumir lýstu áhyggjum af því að breytingarnar myndu fela í sér að foreldrar ættu erfiðara með að fylgjast með námsstöðu nemenda. Aðrir bentu á að upplýsinga vanti til foreldra um viðfangsefni nemenda í skólanum. Í því samhengi kom fram ábending um að áformsbækur gætu hentað vel. Athugasemdir og ábendingar frá fundinum verða teknar upp til umfjöllunar í skólaráði. Ljóst er af mætingu á fundinn að koma þarf út kynningum til foreldra á breyttu námsmati með öðrum hætti en með fundahaldi. Umræður um að leitt sé hve fáir foreldrar eru mættir til fundar.

Fyrirspurn um sóttvarnaraðgerðir m.t.t. til bekkjastarfs, t.d. varðandi hrekkjavöku í október. Ekki er komið á hreint hvað tekur við um mánaðamótin en frekar útlit fyrir að skólar fari þá að fylgja almennum viðmiðum í samfélaginu og því verði hægt að halda bekkjarkvöld og þess háttar.